



## Fátt kom á óvart í tölum um vísitölu neysluverðs í morgun

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,04% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,7% í samanburði við 2,6% í júní. Þetta kom ekki mikið á óvart, en opinberar spár voru upp á 0,2% lækkun (Íslandsbanki) og 0,1% hækkun (Arion banki og Landsbankinn).

### Flest allir undirliðir voru nokkurn veginn eins og við bjuggumst við

Sumarútsölur á fötum og skóm voru svipaðar og seinustu ár eins og við bjuggumst við. Það kom okkur hins vegar á óvart að húsgögn og heimilishúnaður lækkaði mun minna en seinustu ár.

Flugfargjöld til útlanda hækkuðu einnig svipað og seinustu ár eins og við bjuggumst við. Þessi liður hækkaði um 23% milli mánaða í samanburði við 20% milli mánaða í fyrra.

Reiknuð húsaleiga hækkaði meira en við bjuggumst við. Skýrist það aðallega af að markaðsverð húsnæðis utan höfuðborgarsvæðisins hækkaði um 3,3% milli mánaða.

Smávægileg lækkun var milli mánaða í mat og drykkjarvörum, en við höfðum búist við hækkun.

### Verðbólga án húsnæðis 1,4%


Líklega er stærsta fréttin í tölum Hagstofunnar frá því í morgun að verðbólga án húsnæðis heldur áfram að hækka. Mælist nú 1,4% verðbólga án húsnæðis, en þessi tala hefur hækkað nokkuð samfelld síðan í september í fyrra þegar 3,1% verðhjöðnun mældist á þessum mælikvarða.

### Spá fyrir næstu mánuði


Það er ekkert í tölunum frá því í morgun sem gefur tilefni til að breyta spá okkar frá fyrr í mánuðinum um framvindu næstu þrjá mánuði. Við gerum því enn ráð fyrir að VNV hækki um 0,2% í ágúst, 0,1% í september og 0,2% í október. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,3% í október.

	Vægi í VNV	Áhrif	
		Raun	Spá
Föt og skór	3,6%	-0,41%	-0,39%
Tómst. og menning	9,8%	-0,06%	-0,01%
Póstur og sími	2,2%	-0,05%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,04%	-0,04%
Matur og drykkjarv.	11,2%	-0,01%	0,08%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,01%	-0,06%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,00%	0,00%
Kaup ökutækja	8,3%	0,00%	0,07%
Bensín og díselolía	3,4%	0,00%	0,00%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,01%	0,02%
Ferðir og flutningar - annað	4,1%	0,02%	-0,01%
Heilsa	3,9%	0,03%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,05%	0,06%
Reiknuð húsaleiga	21,3%	0,22%	0,06%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	0,31%	0,26%
Alls	100,0%	0,04%	0,08%


### Framlag undirliða




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.